

HÓLABREKKUSKÓLI

YTRA MAT Á SKÓLASTARFI



Des. 2014

Ritun skýrslu:

Birna Sigurjónsdóttir

Nanna K. Christiansen

Sigríður Sigurðardóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Ásgeir Björgvinsson

Hildur Björk Svavarsdóttir

Sara Björg Ólafsdóttir

INNIHALD

Hólabrekkuskóli.....	1
Ytra mat á skólastarfi	1
Inngangur.....	4
Hólabrekkuskóli.....	4
Árangur	5
Greining á skólastarfi í Hólabrekkuskóla.....	7
Styrkleikar	7
Tækifæri	7
Stjórnun	8
Fagleg forysta	8
Stefnumótun og skipulag	9
Samskipti heimila og skóla.....	9
Nám og kennsla	11
Nám og Námsaðstæður	11
Þátttaka og ábyrgð nemenda	12
Námsaðlögun.....	12
Vettvangsheimsóknir í Hólabrekkuskóla.....	13
Innra mat, samantekt	15
Mannauður, samantekt	16
Hólabrekkuskóli – yfirlit	17

INNGANGUR

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats í Hólabrekkuskóla sem fram fór í október 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um ytra mat grunnskóla á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Hólabrekkuskóli yrði einn af þeim skólum þar sem fram færi ytra mat á skólastarfi skólaárið 2014-2015. Gagna var aflað með könnunum, viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess eru að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar innra mati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi: http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf

HÓLABREKKUSKÓLI

Skólastjóri Hólabrekkuskóla er Hólmfríður G. Guðjónsdóttir og aðstoðarskólastjóri Vignir Diego. Í skólanum eru 485 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2014-2015.

Í skólanum starfa 69 starfsmenn skólaárið 2014-2015, þar af 43 kennarar nær allir í 100% stöðu. Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru um 11,2 nemendur á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (9,3)¹.

Hólabrekkuskóli hóf starfsemi sína haustið 1974. Fyrsta skólaárið voru skráðir 208 nemendur í barnaskólann og 128 í gagnfræðaskólann en nemendur sem áttu að fara í 5., 6., 7. og 8. bekk voru 91 og sóttu Fellaskóla. Flestir voru nemendur skólaárið 1979-1980 eða 1156 og voru þá 12 bekkjardeildir í 9. bekk en nemendur komu úr öllum hverfum Breiðholts. Spá um nemendafjölda gerir ráð fyrir að nemendur í skólanum verði um 500 næstu árin.

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2013 (s.84)

ÁRANGUR

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl og framfarastuðlar

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
4. bekkur									
Íslenska	27,1	28,9	24,5	27,6	25,2	27,7	29,7	30,2	25,7
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5	30,8
Stærðfræði	27,1	27,3	22,4	26,9	23,1	29,8	30,9	30,0	23,4
Reykjavík	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7	29,9	30,6
7. bekkur									
Íslenska	27,7	30,4	26,7	23,4	26,5	25,2	26,9	23,3	28,4
Framfarastuðull íslenska	1,09	1,00	0,97	0,96	0,98	1,02	1,0	0,98	1,01
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6	30,8
Stærðfræði	23,9	27,3	26,9	21,9	25,3	24,6	28,3	22,3	30,9
Framfarastuðull stærðfræði	0,98	1,00	1,02	0,95	0,96	1,05	1,03	0,99	0,98
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5	30,6
10. bekkur									
Íslenska	28,0	26,7	29,5	27,6	28,4	28,0	25,3	28,0	23,2
Framfarastuðull íslenska	1,04	1,02	1,01	0,98	0,96	1,00	1,02	1,02	0,98
Reykjavík	31,8	30,4	30,7	31,3	31,0	30,6	30,8	31,1	30,7
Stærðfræði	25,3	25,2	27,7	26	27,7	28,8	24,4	26,6	23,4
Framfarastuðull stærðfræði	0,96	1,00	0,97	0,97	1,01	1,00	1,03	1,02	0,98
Reykjavík	31,3	30,3	30,6	31,4	30,9	30,9	30,9	31,1	30,5
Enska				28,9	30,5	28,7	27,0	27,6	27,3
Reykjavík				32,1	31,7	31,0	31,3	31,1	31,2

Í samræmdum könnunarprófum árið 2014 var meðaleinkunnin í Hólabrekkuskóla í 4. bekk í íslensku 4,7 en í Reykjavík 5,9. Í stærðfræði var meðaleinkunnin 5,2 í skólanum en 6,3 í Reykjavík. Í töflunni hér að ofan sést að meðaltalsárangur í Hólabrekkuskóla árið 2013 í 4. bekk var undir meðaltali borgarinnar í íslensku og stærðfræði.

Í 7. bekk var meðaleinkunnin í íslensku 5,4 í Hólabrekkuskóla árið 2014 en 6,1 í Reykjavík. Í stærðfræði var meðaleinkunnin 5,9 í Hólabrekkuskóla en 6,9 í Reykjavík. Í töflunni sést að meðaltalsárangurinn í íslensku er undir meðaltali borgarinnar árið 2013. Í stærðfræði var meðaltalið í Hólabrekkuskóla hærra en meðaltalið í borginni. Framfarastuðlar í íslensku og stærðfræði í 7. bekk sýna framfarir innan eðlilegra marka flest árin.

Árið 2014 fékk 1 af 40 nemendum í 10. bekk einkunnina A í samræmdum prófum í íslensku eða 3% og 43% fengu einkunnina B. Í stærðfræði fékk enginn nemandi einkunnina A en 40% fengu B. Í ensku voru 3 eða 7% nemendahópsins með einkunnina A og 56% með B. Meðaltalsárangur í Hólabrekkuskóla árið 2013 í íslensku, stærðfræði og ensku var undir meðaltali eins og hann var árin á undan. Framfarastuðlar sýna öll árin eðlilegar framfarir (Skýrsla um samræmd könnunarpróf, 2013, 2012 og 2011).

Lesskimun og Talnalykill

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Lesskimun 2. bekkur										
Hlutfall sem les sér til gagns	52%	60%	58%	53%	78%	53%	58%	45%	41%	56%
<i>Reykjavík</i>	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%	63%	66%
Talnalykill 3. bekkur										
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta				80%	91%	79%	51%	67%	21%	
<i>Reykjavík</i>		69%	68%	66%	69%	72%	73%	76%	75%	

Undanfarin ár hefur lægra hlutfall nemenda í Hólabrekkuskóla náð að lesa sér til gagns í lesskimun í 2. bekk en í Reykjavík að meðaltali ef frá er talið árið 2009. Hlutfall nemenda sem lesa sér til gagns árið 2014 er hærra en sl. tvö ár þar.

Í *Talnalykli* í 3. bekk var óvenju lágt hlutfall nemenda sem náði þeim árangri að fara aðeins í gegnum 1. þrep könnunarprófsins árið 2013 og var skólinn langt fyrir neðan meðaltal borgarinnar. Hlutfallið var mun hærra árin þar á undan. Niðurstöður *Talnalykils* 2014 liggja ekki fyrir þar sem prófið er lagt fyrir í nóvember ár hvert.

STYRKLEIKAR

- Starfsáætlun uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru skv. aðalnámskrá grunnskóla og hún er birt á heimasíðu skólans.
- Starfsmenn telja stjórnendur hafa frumkvæði að nýjungum og þróunarverkefnum.
- Vikulega eru fundir starfsmanna helgaðir fræðslu og símenntun.
- Skólaráð fundar reglulega, það starfar skv. reglugerð.
- Foreldrafélagið fær góðan stuðning frá stjórnendum og félagið er virkur samstarfsaðili skólans
- Námsáætlanir sem lagðar voru fram fyrir matið eru greinargóðar og þar er m.a. gerð grein fyrir markmiðum í einstökum greinum og hæfniviðmiðum
- Starfsandi er góður og almennt líður fólki vel í vinnunni.

TÆKIFÆRI

- Ljúka sem fyrst endurskoðun á skólanámskrá og birta bæði almennan hluta og námsvísa á heimasíðu skólans.
- Efla stjórnun skólans enn frekar og skerpa á verkaskiptingu stjórnenda.
- Stjórnendur veiti starfsmönnum endurgjöf og leiðsögn í starfi.
- Móta sameiginlega stefnu um nám og kennslu og þróa fjölbreytta kennsluhætti sem kennarar sameinast um.
- Gæta þess að nemendur missi ekki kennslutíma þegar farið er milli húsa í íþróttir.
- Leita leiða til að bæta árangur nemenda í samræmdum prófum, lesskimun og skimun með Talnalykli.
- Tilgreina markmið kennslustundarinnar og viðmið um árangur til að nemendur viti hverju þeir eiga að ná tókum á hverju sinni.
- Koma á kerfisbundnu innra mati sem er samofið daglegu skólastarfi.
- Skipa matsteymi sem heldur utan um matið skipað fulltrúum allra hagsmunaaðila.
- Móta skýra sýn og stefnu um nám og kennslu tvítýngdra nemenda.
- Tryggja að jafnræðis og jafnréttis sé gætt í starfsmannahópnum og leita leiða til að erlendir starfsmenn geti tekið virkari þátt í skólastarfinu.

STJÓRNUN

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: Faglega forystu, stefnumótun og skipulag og samstarf heimila og skóla. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Hólabrekkuskóla fyrir hvern kafla um sig.

Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.²

FAGLEG FORYSTA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI; STJÓRNUN STOFNUNAR; FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN.

STYRKLEIKAR

Stjórnendur eru faglegir leiðtogar að mati flestra starfsmanna og hafa skýra framtíðarsýn um faglegt starf innan skólans. Skólinn hefur mótað einkunnarorð sem flestir í hópi foreldra og starfsmanna þekkja. Aðspurðir um stefnu skólans nefna viðmælendur í rýnihópum *Uppeldi til ábyrgðar* og á heimasíðu þar sem fjallað er um stefnu skólans er vísað í upplýsingar um uppbyggingarstefnuna. Jákvæð samskipti og gagnkvæmt traust einkenna samstarf í skólanum og faglegt samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans.

Skólinn er í samstarfi við aðra grunnskóla í hverfinu við gerð nýrrar skólanámskrár og aðlögun að nýrri aðalnámskrá. Starfsmenn telja stjórnendur hafa frumkvæði að nýjungum og þróunarverkefnum (77% mjög eða frekar sammála). Skólinn hefur skýra sýn á símenntun og vikulega eru fundir starfsmanna helgaðir fræðslu.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Um 65% starfsmanna og um 50% foreldra segja skólanum vera mjög eða nokkuð vel stjórnað. Stjórnendur eru sagðir sýnilegir í skólanum, en erfitt að ná á þá. Þeir skora mishátt sem faglegir leiðtogar í starfsmannakönnun og aðeins um 40% starfsmanna segjast fá endurgjöf eða leiðsögn í starfi. Verkaskipting stjórnenda er skýr að mati um þriðjungs starfsmanna. Skipurit í starfsáætlun endurspeglar ekki að öllu leyti gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja ekki fyrir. Mannréttinda- og jafnréttisáætlun skólans liggur ekki fyrir en á heimasíðu er vísað í mannréttindastefnu borgarinnar.

Þar sem skólanámskrá liggur ekki fyrir í heild sinni og vísað er í aðfengna stefnumótun er ekki hægt að leggja mat á hversu vel stefna skólans fylgir aðalnámskrá eða stefnumótun Reykjavíkurborgar. Litlar upplýsingar eru í gögnum skólans um samstarf kennara í teymum og kennarar segjast frjálssir að vali á kennsluháttum. Nýta þarf fjölbreyttar leiðir til að miðla upplýsingum til starfsmanna og foreldra. Tengja þarf áherslur í símenntun við innra mat og þróunar- og umbótastarf innan skólans.

² Sjá viðmið um gæði í skólastarfi grunnskóla:

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf

STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSSKRÁ; SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

STYRKLEIKAR

Starfsáætlun uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru skv. aðalnámskrá grunnskóla og hún er birt á heimasíðu skólans. Ítarlegar námsáætlanir í hverri námsgrein hafa verið gerðar fyrir haustönn með hæfniviðmiðum um árangur nemenda. Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla samfelld. Nemendahópar eiga sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar á unglingastigi.

Uppeldi til ábyrgðar er leið skólans til að móta og viðhalda góðum skólabrag. Í starfsáætlun eru flestar verklagsreglur og áætlanir sem þar eiga að birtast. Skólareglur eru jákvæðar og birt eru þrepaskipt viðbrögð við agabrotum. Unnið er eftir kerfi Olweusar gegn einelti og skólinn hefur mótað sín viðbrögð og vinnuferli þegar einelti kemur upp.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Skólanámskrá liggur ekki fyrir við matið en fram kemur að verið er að endurskoða hana. Brýnt er að ljúka endurskoðun, birta skólanámskrána á heimasíðu og gæta þess að hún sé uppfærð árlega með þátttöku allra hagsmunaaðila. Námsvísar og námsáætlanir þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Nemendur missa úr kennslutíma þegar farið er í íþróttir þar sem ekki er gert ráð fyrir því í stundaskrá að það taki tíma að fara á milli húsa. Engin kennsla er í tónmennt þetta skólaár og tímar í list- og verkgreinum eru færri en gert er ráð fyrir í viðmiðunarstundaskrá. Valtímar nemenda á unglingastigi eru einnig færri en viðmiðunarstundaskrá kveður á um.

Ekki liggur fyrir móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir né heldur áætlun um móttöku nemenda af erlendum uppruna.

Í svörum í foreldrakönnun kemur fram að 50% foreldra eru sammála því að tekið sé mjög eða frekar vel á stríðni og einelti í skólanum en 50% frekar eða mjög ósammála.

SAMSKIPTI HEIMILA OG SKÓLA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ, FORELDRAFÉLAG OG ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

STYRKLEIKAR

Skólaráð fundar reglulega, það starfar skv. reglugerð, fundarboð eru vel unnin og nýtt skólaráð hefur hist einu sinni á skólaárinu þegar matið fer fram (í október). Fulltrúar nemenda sitja alla fundi skólaráðs. Fulltrúar foreldra í skólaráði eru kosnir samkvæmt reglugerð um skólaráð.

Foreldrafélagið fær góðan stuðning frá stjórnendum og þeir funda með foreldrafélaginu ef óskað er eftir því. Félagið er virkur samstarfsaðili skólans og sér um viðburði í skólastarfinu. Stjórn foreldrafélagsins hefur lagt ríka

áherslu á að fá foreldra til að taka að sér hlutverk bekkjarfulltrúa og það gengið vel í ár.

Samskipti milli skóla og foreldra eru almennt vinsamleg. Í rýnihópi foreldra kemur fram að foreldrar hafi góðan aðgang að stjórnendum, þeir telja vel komið til móts við óskir þeirra og hafa á tilfinningunni að skólinn óski eftir því að foreldrar taki meiri þátt í starfinu. Vel er tekið á móti nemendum og foreldrum í skólanum og samskipti eru almennt góð. Foreldrar eru vel upplýstir um námið í unglingadeild þar sem áætlanir eru aðgengilegar á netinu. Í yngri deildunum er sendur út póstur vikulega með því helsta sem er á döfinni.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Formaður og varaformaður nemendafélagsins sem sitja í skólaráðinu eru ekki kosnir sérstaklega. Þeir koma báðir úr 10. bekk og geta því ekki setið í tvö ár eins og kveðið er á um í reglugerð um skólaráð.

Tryggja þarf upplýsingagjöf til foreldra frá skólaráðinu og til nemenda sem virðast ekki fá upplýsingar frá skólaráðinu eða þekkja hlutverk þess.

Ekki er á beinan hátt leitað eftir skoðunum foreldra um námið og skólastarfið og ekki eru vísbendingar um almenna hlutdeild foreldra í námi nemenda. Foreldrar nemenda á miðstigi og unglingastigi eru ekki eins ánægðir með skólann og foreldrar í yngri námshópum.

Móta þarf samstarfsáætlun til að samræma samstarf foreldra og skólans og upplýsingagjöf til foreldra. Upplýsingastreymi frá skólanum eins og því er nú háttað er háð kennara. Bæta þarf þjónustu við foreldra af erlendum uppruna og tryggja aðgengi þeirra að upplýsingum um skólastarfið, m.a. á heimasíðu skólans.

NÁM OG KENNSLA

Viðmiðum um nám og kennslu er skipt í þrjá meginkafla: Nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Hólabrekkuskóla fyrir hvern kafla um sig.

Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI; KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU; NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

Námsáætlanir sem lagðar voru fram fyrir matið eru greinargóðar og þar er m.a. gerð grein fyrir markmiðum í einstökum greinum og hæfniviðmiðum. Þróunarverkefni tengd læsi og *Uppeldi til ábyrgðar* eru nefnd sem stefnumótandi fyrir nám og kennslu. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar í unglingadeild og geta nemendur valið greinar eftir áhugasviði.

Sumir kennarar virðast leggja sig fram um að vekja og viðhalda áhuga nemenda. Fagþekking kennara er sýnileg í vettvangsathugunum sérstaklega á mið- og unglingastigi. 75-80% nemenda finnst gaman að læra í skólanum miðað við nemendakönnun sem lögð var fyrir 6. og 9. bekk. 90% nemenda í báðum aldurshópum eru því sammála að kennarar hvetji þau til að gera sitt besta og flestir telja að þeim gangi vel í náminu. Í 9. bekk eru 74% nemenda sammála fullyrðingunni: *Kennararnir leiðbeina mér reglulega um hvernig mér gæti gengið betur í náminu*, en 85% í 6. bekk. Mikil áhersla lögð á nýtingu upplýsingatækni í skólanum, sérstaklega á unglingastigi og sérstaklega í dönsku

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Skólanámskrá er ekki birt á heimasíðu skólans í heild sinni þar sem hún er í endurskoðun og engin drög liggja fyrir svo ekki verður séð hvernig það verk er statt. Námsvísar liggja ekki fyrir við matið og námsáætlanir á heimasíðu eru frá síðasta ári eða eldri. Brýnt er að ljúka endurskoðun á skólanámskrá og birta bæði almennan hluta og námsvísa á heimasíðu skólans.

Árangur á samræmdum prófum hefur sveiflast nokkuð á milli ára og undanfarin ár verið undir meðaltali Reykjavíkur. Sömu leiðis hefur lesskimun og skimun með Talnalykli sýnt slakari árangur. Ekki kemur fram í gögnum skólans hvernig unnið er úr niðurstöðum eða til hvaða aðgerða er gripið til að auka árangur.

Móta þarf sameiginlega stefnu um nám og kennslu og þróa fjölbreytta kennsluhætti sem kennarar sameinast um. Vísbendingar eru um að kennsluhættir, heimanám og upplýsingagjöf til foreldra sé mismunandi eftir kennurum. Kennarar, nemendur og foreldrar þurfa að þekkja markmið náms og viðmið um árangur. Auka þarf áherslu á markvissa samvinnu nemenda í námi, umræður og ígrundun, val og sjálfstæð vinnubrögð. Markmið þarf að gera sýnilegri fyrir nemendur svo og viðmið um árangur þannig að þeir viti hvort þeir hafa lært það sem til var ætlast í tímanum, þ.e. sýnt framfarir.

³

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf

Leita þarf leiða til að auka ánægju og áhuga nemendahópsins sem er ekki ánægður og telja sig ekki fá leiðbeiningar um nám sitt (20-26%). Upplýsa þarf nemendur og foreldra enn frekar um markmið notkunar upplýsingatækni í námi og kosti netnáms.

ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

Nemendur fá þjálfun og fræðslu fyrir þátttöku í stjórn nemendafélags og fyrir setu í skólaráði. Kosið er í stjórn nemendafélags lýðræðislegri kosningu. Stjórnin hittist reglulega, umræðuefni er félagslíf nemenda og viðburðir.. Stjórnin telur sig geta haft áhrif á skólastarfið og í nemendakönnun sem lögð var fyrir nemendur í 6. og 9. bekk voru rúmlega 80% nemenda sammála fullyrðingunni: *Það er tekið mark á skólaráðinu/nemendafélaginu þegar nemendur vilja fá breytingar í skólastarfinu.*

Markmið námsgreina skv. aðalnámskrá eru birt í námsáætlunum sem liggja fyrir við matið og þar koma einnig fram viðmið um árangur. Foreldrar á yngsta stigi segjast fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins (75% sammála skv. foreldrakönnun).

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Ekki er leitað markvisst eftir viðhorfum nemenda til skólastarfsins og leiðir þeirra til að koma ábendingum á framfæri eru ekki skilgreindar. Ástæða er til að enduskoða skólareglur og samræma hvernig þeim er fylgt eftir, miðað við umsögn nemenda. Auka þarf aðkomu og þátttöku yngri nemenda að nemendafélaginu, en það er nú aðeins skipað nemendum á unglingastigi.

Í kennslustundum sem heimsóttar voru markmið stundarinnar ekki tilgreind né viðmið um árangur nema hvað varðar yfirferð námsefnis. Huga þarf að miðlun upplýsinga um námsárangur til foreldra á miðstigi en aðeins 36% þeirra segjast fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins.

NÁMSAÐLÖGUN

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: NÁM VIÐ HÆFI ALLRA NEMENDA OG STUÐNINGUR VIÐ NÁM.

STYRKLEIKAR

Skólabragur einkennist af viðurkenningu, sanngirni og virðingu fyrir öllum og foreldrar á yngsta og miðstigi telja flestir að kennarar þekki þarfir barnsins og styðji það vel í skólastarfinu. Heildaráætlun um sérkennslu og stuðning liggur fyrir.

Skólinn nýtur stuðnings þjónustumiðstöðvar við að koma til móts við þarfir nemenda. Menntaður sérkennari ásamt reyndum kennurum sjá um sérkennslu í skólanum. Reglubundnar skimanir og kannanir eru lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstakan stuðning í námi.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Námsframboð og námsvísar þurfa að endurspegla fjölbreyttar þarfir og áhuga allra nemenda. Skipuleggja þarf nám allra nemenda sem þurfa sérstakan skilgreindan stuðning í námi með einstaklingsnámskrá sem gerð er í samráði við nemendur og foreldra. Gæta þarf þess að allir nemendur fái viðfangsefni við hæfi, en algengast var í vettvangsathugunum að nemendur væru að fást við sama viðfangsefni á sama tíma. Sérstaka áherslu þarf að leggja á fyrirbyggjandi aðgerðir í yngstu bekkjum skólans Koma þarf enn betur á mótis við nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og tvítyngda nemendur en nú er gert. Móta þarf skýra sýn og stefnu um nám og kennslu tvítyngdra nemenda.

VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í HÓLABREKKUSKÓLA

Í skólaheimsókn í Hólabrekkuskóla voru alls 28 kennslustundir heimsóttar og metnar út frá viðmiðum um gæði stundarinnar. Stundin er metin góð þegar flestir nemendur ná tökum á viðfangsefni stundarinnar og flestir fá verkefni við hæfi. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir.


Mat á kennslustund		
Frábær	1	4%
Góð	17	61%
Þarf að bæta	10	36%
Samtals	28	100%

65% þeirra stunda sem heimsóttar voru í Hólabrekkuskóla voru metnar góðar eða frábærar en 36% þarf að bæta í einhverjum þáttum. Engin stund var metin óviðunandi.

Einnig var skoðað var hvaða kennsluaðferð/ir og vinnubrögð voru notaðar í stundinni. Oftast er merkt við fleira en eitt atriði þannig að í þessum 28 stundum voru 47 merkingar. Oftast voru nemendur að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, merkt var við það í 19 stundum eða 68% tilvika. Þá var merkt við innlögn eða beina kennsla í 29% eins og sjá má í töflunni hér að neðan.


Kennsluaðferð	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	19	68%
Innlögn	8	29%
Verklegt	4	14%
Sköpun og tjáning	3	11%
Markviss samvinna	3	11%
Þemavinna	2	7%
Sjálfstæð vinna / eigið val	2	7%

Einstaklingsvinna eða markviss samvinna nemenda í kennslustund.



Merkt var við hvort nemendur voru að vinna hver að sínu verkefni eða saman í pörum eða hópum að sameiginlegri lausn eða skilum. Eins og sjá má á myndinni hér að ofan var einstaklingsvinna í yfir helmingi stundanna og blanda af einstaklingsvinnu og samvinnu í 36% þeirra.

Notkun á upplýsingatækni í námi og/eða kennslu var sérstaklega skoðuð og ef svo var þá hvort kennari/ar eða nemendur nýttu sér tæknina. Upplýsingatækni var einungis notuð í fjórðungi stundanna eins og sjá má í töflunni hér að neðan.



Lagt var mat sjálfstæði nemenda í vali á verkefnum, þ.e. hvort kennari ákveður verkefni tímans (77% stundanna) eða nemandi hefur val um verkefni (15%). Í 8% stundanna kom hvort tveggja fyrir. Auk þess var skráð sérstaklega ef nemendur hafi haft val um útfærslu verkefnis og átti það við í 25% af kennslustundunum.

Val á verkefnum		
Kennari ákveður	22	79%
Nemandi velur	4	14%
Bæði kennari og nemendur ákveða	2	7%
	28	100%

INNRA MAT, SAMANTEKT

Viðmiðum um innra mat í grunnskóla er skipt í tvo meginkafla: Framkvæmd innra mats og umbótastarf í kjölfar innra mats. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum.

Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.⁴

STYRKLEIKAR

Reglulega fer fram mat á námi, framförum og árangri nemenda. Skólinn kannar líðan nemenda með *Skólapúlsinum* og nýtir niðurstöður ytri kannana til umbóta. Ýmislegt hefur verið unnið í innra mati í skólanum þó ekki sé það gert kerfisbundið og sú vinna ætti að auðvelda innleiðingu kerfisbundins innra mats.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Koma þarf á kerfisbundnu innra mati sem er samofið daglegu skólastarfi. Gera þarf matsáætlanir til lengri og skemmri tíma og þær þarf að birta. Í skólanámskrá þarf að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starfið, bæði árangur og gæði.

Skipa þarf matsteymi sem heldur utan um matið og í teyminu ættu að sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila. Velja þarf viðfangsefni innra mats út frá stefnu og markmiðum skólans og leggja áherslu á að meta nám og kennslu reglulega þannig að matið verði hluti af daglegu skólastarfi. Skilgreina þarf viðmið um árangur. Velja þarf viðeigandi og fjölbreyttar aðferðir til gagnaöflunar og leita sjónarmiða allra hagsmunaaðila. Greina þarf niðurstöður í sterka og veika þætti og setja fram og framkvæma nákvæma umbótaáætlun út frá þeirri greiningu. Skrifa þarf greinargerð um innra matið þar sem framkvæmd og skipulagi er lýst og því hvernig gengið hefur að ná fram markmiðum skólastefnu. Greinargerðin þarf að vera aðgengileg öllum hagsmunaaðilum.

⁴ Sjá Viðmið um gæði í skólastarfi grunnskóla:

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf

MANNAUÐUR, SAMANTEKT

Viðmiðum um mannauð er skipt í þrjá meginkafla: Starfsánægju, viðhorf til stjórnunar og samstarf og upplýsingamiðlun. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Hólabrekkuskóla hvað varðar mannauð.

STYRKLEIKAR

Starfsmenn hafa sameinast um ákveðin gildi í skólastarfinu og þau eru sýnileg í skólanum. Starfsandi er góður og almennt líður fólki vel í vinnunni. Starfsmannafélag starfar við skólann og þátttaka í viðburðum á vegum þess er almennt góð. Starfsfólk fær hrós og hvatningu frá yfirmönnum og frá nemendum og kennarar segjast hafa faglegt frelsi og finna fyrir trausti frá stjórnendum. Starfsmenn telja að hlustað sé á skoðanir þeirra og ábendingar um skólastarfið og tekið tillit til þeirra eftir því sem kostur er.

Stjórnendur hvetja starfsmenn til faglegs samstarfs og þátttöku í símenntun. Fastur tími er ætlaður fyrir símenntun í hverri viku og starfsmenn miðla þekkingu sín á milli. Allir starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi og upplýsingar um sakavottorð liggja fyrir við nýráðningar.

ÞÆTTIR SEM PARFNAST UMBÓTA:

Efla þarf stjórnun skólans, skerpa á verkaskiptingu stjórnenda og endurskoða skipulag stjórnendafunda svo auðveldara sé að ná í stjórnendur. Æskilegt er að stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og gefi kennurum markvissa endurgjöf á störf sín.

Tryggja þarf að jafnræðis og jafnréttis sé gætt í starfsmannahópnum og leita leiða til að erlendir starfsmenn geti tekið virkari þátt í skólastarfinu. Einnig þarf að tryggja að allir starfsmenn geti tekið þátt í lýðræðislegri umræðu um skólastarfið. Auka þarf fræðslu og þjálfun nýrra starfsmanna og taka hagnýtar upplýsingar saman í starfsmannahandbók eða birta á heimasíðu.

Leita þarf leiða til að efla samstarf kennara á yngra stigi og draga úr starfsmannaveltu þar. Æskilegt er að setja inn upplýsingar um teymi sem starfa við skólann á heimasíðu. Bæta þarf upplýsingastreymi og nýta fjölbreyttari leiðir til að miðla upplýsingum til starfsmanna, m.a. þeirra sem ekki vinna við tölvur, erlendra starfsmanna og starfsmanna í hlutastarfi.

Gera þarf áætlun um viðbrögð við einelti og samskiptavanda í starfsmannahópnum og birta á heimasíðu eða í starfsmannahandbók.

HÓLABREKKUSKÓLI – YFIRLIT

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat		Mannauður
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarfi í kjölfar innra mats	Mannauður
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Skipulag og framkvæmd	Opinber birting og umbætur	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Gagnaöflun og vinnubrögð		Viðhorf til stjórnunar
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu					Samstarf og upplýsingamiðlun
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund					

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt sýnir mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt gott verklag** flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta** og **rautt að verklag er óviðunandi** og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.